

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/1232

2026/EES/10/77

frá 14. júlí 2021

um tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB að því er varðar notkun veitenda fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem er ótengd númerum, á tækni til að vinna úr persónuupplýsingum og öðrum gögnum í þeim tilgangi að berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 16. gr. í tengslum við 1. mgr. 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur sem tryggja réttinn til friðhelgi einkalífs og leyndar að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga við gagnaskipti í rafræna fjarskiptageiranum. Tilskipunin er nánari umfjöllun um og viðbót við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽⁴⁾.
- 2) Tilskipun 2002/58/EB gildir um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við veitingu almennrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu. Fram til 21. desember 2020 var skilgreiningin „rafræn fjarskiptaþjónusta“ sem sett var fram í c-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ⁽⁵⁾ í gildi. Þann dag felldi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 tilskipun 2002/21/EB ⁽⁶⁾ úr gildi. Skilgreiningin „rafræn fjarskiptaþjónusta“ í 4. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 tekur til fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum, sem tekur t.d. til netsíma, skilaboðaðþjónustu og veflægrar tölvupóstþjónustu, var því felld undir gildissvið tilskipunar 2002/58/EB 21. desember 2020.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið viðurkennir Sambandið þau réttindi, frelsi og meginreglur sem kveðið er á um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“). Ákvæði 7. gr. sáttmálans vernda grundvallarréttindi allra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, heimilis og samskipta, sem tekur til fjarskiptaleyndar. Í 8. gr. sáttmálans er rétturinn til verndar persónuupplýsingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 30.7.2021, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 310/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 10, 11.1.2021, bls. 63.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 6. júlí 2021 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 12. júlí 2021.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

- 4) Ákvæði 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 og 2. mgr. 24. gr. sáttmálans kveða á um að í öllum aðgerðum, sem snerta börn, hvort sem opinber yfirvöld eða einkareknar stofnanir grípa til þeirra, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er barninu fyrir bestu. Í 2. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og 1. mgr. 24. gr. sáttmálans er auk þess lögð áhersla á rétt barna til þeirrar verndar og umönnunar sem nauðsynleg er fyrir velferð þeirra.
- 5) Verndun barna bæði á netinu og utan þess er eitt af forgangsverkefnum Sambandsins. Kynferðisleg misnotkun og kynferðisleg misneyting á börnum eru alvarleg brot á mannréttindum og grundvallarréttindum einkum að því er varðar rétt barna til að vera vernduð gegn ofbeldi, misþyrmingum og vanrækslu, illri meðferð eða misneytingu, þ.m.t. kynferðislegri misnotkun, í hvaða mynd sem er eins og kveðið er á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og í sáttmálanum. Stafvæðing hefur leitt til margvíslegs ávinnings fyrir samfélagið og hagkerfið en hefur einnig leitt til áskorana, þ.m.t. aukningar í kynferðislegri misnotkun barna á netinu. Hinn 24. júlí 2020 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu sem ber yfirskriftina „Stefnuáætlun ESB um árangursríkari baráttu gegn kynferðislegri misnotkun barna“ („stefnuáætlunin“). Stefnuáætlunin miðar að því að vera skilvirk viðbragð á vettvangi Sambandsins við glæpum sem kynferðislegri misnotkun barna er.
- 6) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB (7) gildir þessi reglugerð ekki um stefnur aðildarríkja að því er varðar kynlífsathafnir með samþykki sem börn kunna að taka þátt í og sem telja má sem eðlilega uppgötvun kynhneigðar í mannlegu þroskaferli, að teknu tilliti til mismunandi menningar- og lagahefða og nýrra leiða sem börn og unglingar hafa til að koma á og viðhalda tengslum, þar á meðal með upplýsinga- og fjarskiptatækni.
- 7) Sumir veitendur tiltekinna fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum („veitendur“), svo sem vefpósts og skilaboðaþjónustu, nota nú þegar sérstaka tækni að eigin frumkvæði til að koma upp um kynferðislega misnotkun barna innan þjónustu þeirra og tilkynna löggæsluyfirvöldum og stofnunum sem starfa í þágu almanna-hagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna um hana með því að annað hvort skima efni, svo sem myndir og texta, eða fjarskiptaumferðargögn með því að nota, í sumum tilvikum, söguleg gögn. Tæknin sem notuð er fyrir þessar aðgerðir gæti verið tætingartækni fyrir myndir og hreyfimyndir og flokkunartæki og gervigreind til að greina texta eða umferðargögn. Þegar tætingartækni er notuð er tilkynnt um efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu þegar jákvæð niðurstaða fæst sem þýðir samsvörun við samanburð á mynd eða hreyfimynd og einkvæmri, óafturkræfri stafrænni undirskrift („tæti“) úr gagnagrunni sem viðhaldið er af stofnun sem starfar í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna og hefur að geyma sannreynt efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu. Þessir veitendur vísa til landsbundinna ábendingalína til að tilkynna um kynferðislega misnotkun barna á netinu og til stofnana, sem staðsettar eru bæði innan Sambandsins og í þriðju löndum, sem hafa það að markmiði að bera kennsl á börn, draga úr kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun barna og koma í veg fyrir að börn verði að fórnarlömbum. Slíkar stofnanir falla mögulega ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 2016/679. Sameiginlega gegna slíkar aðgerðir að eigin frumkvæði mikilvægu hlutverki við að gera kleift að bera kennsl á og bjarga fórnarlömbum þar sem alvarlega er brotið gegn grundvallarrétti þeirra til mannglegrar reisnar og líkamlegrar og andlegrar friðhelgi. Slíkar aðgerðir að eigin frumkvæði eru mikilvægar til að draga úr frekari dreifingu efnis með kynferðislegri misnotkun barna á netinu og til að stuðla að því að bera kennsl á og rannsaka brotamenn og til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir kynferðislega misnotkun barna.
- 8) Þrátt fyrir lögmæt markmið þeirra eru aðgerðir veitenda að eigin frumkvæði til að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu innan þjónustu þeirra og tilkynna um það skerðing á grundvallarréttindum til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og verndun persónuupplýsinga allra notenda fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum („notenda“). Ekki er hægt að réttlæta takmörkun á beitingu grundvallarréttarins til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, þ.m.t. fjarskiptaleynd, eingöngu á þeim forsendum að veitendur hafi notað ákveðna tækni á þeim tíma sem fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum féll ekki undir skilgreininguna á „rafrænni fjarskiptaþjónustu“. Slíkar takmarkanir eru einungis mögulegar við tiltekin skilyrði. Skv. 1. mgr. 52. gr. sáttmálans skal kveða á um slíkar takmarkanir með lögum og skulu þær virða eðli réttarins til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og verndar persónuupplýsinga og, með fyrirvara um meðalhófsregluna, vera nauðsynlegar og uppfylla í raun og veru markmið á

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB frá 13. desember 2011 um að berjast gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu á börnum og barnaklámi, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2004/68/DIM (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2011, bls. 1).

sviði almannahagsmuna sem Sambandið viðurkennir eða þörfina á að vernda mannréttindi og mannfrelsi. Ef slíkar takmarkanir fela í sér almennt og tilviljanakennt eftirlit og greiningu á samskiptum allra notenda skerða þær réttinn til fjarskiptaleyndar.

- 9) Fram til 20. desember 2020 heyrði vinnsla veitenda á persónuupplýsingum með ráðstöfunum að eigin frumkvæði í þeim tilgangi að koma upp um efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu innan þjónustu þeirra og tilkynna um það og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna af fjarskiptabjónustu þeirra eingöngu undir reglugerð (ESB) 2016/679. Tilskipun (ESB) 2018/1972 sem leiða átti í lög fyrir 20. desember 2020 færði veitendur undir gildissvið tilskipunar 2002/58/EB. Til að halda áfram að nota slíkar ráðstafanir að eigin frumkvæði eftir 20. desember 2020 ættu veitendur að fara að skilyrðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Reglugerð (ESB) 2016/679 gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer við beitingu þessarar reglugerðar.
- 10) Tilskipun 2002/58/EB inniheldur ekki nein sértæk ákvæði varðandi vinnslu veitenda á persónuupplýsingum í tengslum við veitingu rafrænnar fjarskiptabjónustu í þeim tilgangi að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu innan fjarskiptabjónustu þeirra og tilkynna það og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna af fjarskiptabjónustu þeirra. Hins vegar geta aðildarríki samþykkt, skv. 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2002/58/EB, löggjafarráðstafanir til að takmarka gildissvið réttinda og skyldna sem kveðið er á um m.a. í 5. og 6. gr. þeirrar tilskipunar sem varða fjarskiptaleynd og umferðargögn í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir refsiverð brot sem tengjast kynferðislegri misnotkun barna. Ef slíkar landsbundnar löggjafarráðstafanir eru ekki til staðar og á meðan beðið er samþykkis langtímalagaramma til að takast á við kynferðislega misnotkun barna á vettvangi Sambandsins geta veitendur ekki lengur treyst á reglugerð (ESB) 2016/679 til að geta haldið áfram að nota ráðstafanir að eigin frumkvæði til að koma upp um kynferðislega misnotkun barna innan fjarskiptabjónustu þeirra og tilkynna um hana og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu af fjarskiptabjónustu þeirra eftir 21. desember 2020. Reglugerð þessi kveður ekki á um lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu veitenda í þeim tilgangi einum að koma upp um kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu innan fjarskiptabjónustu þeirra og tilkynna um það og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu af fjarskiptabjónustu þeirra, en hún kveður á um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um viðbótarverndarráðstafanir sem veitendum ber að virða ef þeir vilja reiða sig á hana.
- 11) Vinnsla gagna að því er varðar þessa reglugerð gæti falið í sér vinnslu sérstakra flokka persónuupplýsinga eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2016/679. Vinnsla mynda og hreyfimynda með sérstökum tæknilegum aðferðum sem gera kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti telst vinnsla sérstakra flokka persónuupplýsinga.
- 12) Reglugerð þessi kveður á um tímabundna undanþágu frá 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/58/EB sem vernda fjarskiptaleynd og umferðargögn. Valkvæð notkun veitenda á tækni til að vinna úr persónuupplýsingum og öðrum gögnum eftir því sem þurfa þykir til að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu innan fjarskiptabjónustu þeirra og tilkynna um hana og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu af fjarskiptabjónustu þeirra fellur innan gildissviðs undanþágunnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð og er því með fyrirvara um verndarráðstafanirnar og skilyrðin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2016/679.
- 13) Tilskipun 2002/58/EB var samþykkt á grunni 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ennfremur hafa ekki öll aðildarríki samþykkt löggjafarráðstafanir í samræmi við tilskipun 2002/58/EB um að takmarka gildissvið réttinda og skyldna sem tengjast fjarskiptaleynd og umferðargögnum eins og sett er fram í tilskipuninni og samþykkt slíkra ráðstafana felur í sér verulega hættu á uppskiptingu sem líklegt er að hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn. Af þessum sökum ætti þessi reglugerð að byggjast á 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU).

- 14) Í ljósi þess að gögn sem tengjast rafrænum fjarskiptum þar sem einstaklingar koma við sögu flokkast venjulega sem persónuupplýsingar ætti þessi reglugerð einnig að byggjast á 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), sem veitir sérstakan lagagrundvöll fyrir samþykkt reglna er varða vernd einstaklinga með hliðsjón af vinnslu persónuupplýsinga af hálfu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins og á vegum aðildarríkjanna vegna starfsemi sem fellur undir lög Sambandsins, svo og reglur er varða frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
- 15) Reglugerð (ESB) 2016/679 gildir um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við veitingu fjarskiptaþjónustu af hálfu veitenda í þeim tilgangi einum að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu innan fjarskiptaþjónustu þeirra og tilkynna um hana og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu af fjarskiptaþjónustu þeirra að því marki sem vinnslan fellur innan gildissviðs undanþágunnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 16) Þær tegundir tækni sem notaðar eru að því er varðar þessa reglugerð ættu að vera sem minnst inngríp í friðhelgi einkalífs í samræmi við nýjustu tækni í atvinnugreininni. Ekki ætti að nota þessa tækni til kerfisbundinnar síunar og skimunar texta í fjarskiptum nema hún sé einungis notuð til að greina mynstur sem benda til mögulegra beinna ástæðna til að gruna kynferðislega misnotkun barna á netinu og hún ætti ekki að geta dregið ályktun um innihald fjarskiptanna. Þegar um er að ræða tækni sem notuð er til að bera kennsl á að verið sé að falast eftir börnum, ættu slíkar beinar ástæður fyrir grunsemdum að byggjast á áhættuþáttum sem greindir eru með hlutlægum hætti eins og aldursmun og líklegri þátttöku barns í skimuðu fjarskiptunum.
- 17) Koma ætti á fót viðeigandi verklagi og leiðum til úrbóta til að tryggja að einstaklingar geti lagt fram kvartanir til veitenda. Slíkt verklag og slíkar leiðir skipta einkum máli þar sem efni sem ekki felur í sér kynferðislega misnotkun barna á netinu hefur verið fjarlægt eða tilkynnt til lögreglufyrivalda eða til stofnunar sem starfar í þágu almanna-hagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna.
- 18) Til að tryggja nákvæmni og áreiðanleika eins og kostur er, ætti tækni sem notuð er að því er varðar þessa reglugerð, í samræmi við nýjustu tækni í greininni, að takmarka fjölda og hlutföll villna (falsjálkvæðra niðurstaða) að svo miklu leyti sem mögulegt er og ætti, ef nauðsyn krefur, að leiðrétta án tafar allar slíkar villur sem kunna samt sem áður að koma upp.
- 19) Gagnainnihald og umferðargögn sem unnið er úr og persónuupplýsingarnar sem myndast í tengslum við framkvæmd aðgerðanna sem falla undir þessa reglugerð, svo og tímabilið þar sem gögnin eru síðan geymd ef upp kemur grunur um kynferðislega misnotkun barna á netinu, skulu áfram takmarkast við það sem er algjörlega nauðsynlegt til að framkvæma þessar aðgerðir. Eyða ætti öllum gögnum tafarlaust og varanlega um leið og þau eru ekki lengur algjörlega nauðsynleg í einhverjum þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari reglugerð, þ.m.t. þar sem ekki hafa verið borin kennsl á meinta kynferðislega misnotkun barna á netinu og í öllum tilvikum eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem grunur um kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu kom upp. Þetta ætti ekki að hafa ekki áhrif á möguleikann á að geyma viðeigandi gagnainnihald og umferðargögn í samræmi við tilskipun 2002/58/EB. Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á beitingu lagalegra skuldbindinga samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum til að varðveita gögn sem gilda um veitendur.
- 20) Reglugerð þessi kemur ekki í veg fyrir að veitandi fjarskiptaþjónustu sem hefur tilkynnt um kynferðislega misnotkun barna á netinu til löggæslufyrivalda fari fram á það við yfirvöldin að þau staðfesti móttöku tilkynningarinnar.
- 21) Til að tryggja gagnsæi og ábyrgð að því er varðar aðgerðir sem framkvæmdar eru samkvæmt undanþágunni sem kveðið er á um í þessari reglugerð ættu veitendur, fyrir 3. febrúar 2022 og fyrir 31. janúar ár hvert eftir það, að birta og leggja fram skýrslur fyrir lögbært eftirlitsyfirvald sem tilnefnt er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 („eftirlitsyfirvald“) og til framkvæmdastjórnarinnar. Slíkar skýrslur ættu að taka til vinnslu sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, þ.m.t. tegundar og umfangs gagna sem unnið er úr, sérstakra ástæðna sem vinnsla persónuupplýsinga byggist á samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, ástæðna fyrir flutningi persónuupplýsinga utan Sambandsins í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 eftir atvikum, fjölda tilvika þar sem komið er upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu, þar sem greint er á milli efnis með kynferðislegri misnotkun barna á netinu og að falast sé eftir börnum, fjölda mála þar sem notandi hefur lagt fram kvörtun til innra kerfis fyrir úrlausn mála eða óskað eftir réttarráðði, svo og niðurstaðna slíkra kvartana og málaferla, fjölda og hlutfalla villna (falsjálkvæðra niðurstaða) fyrir mismunandi tækni

sem notuð er, ráðstafana sem gripið hefur verið til til að takmarka villuhlutfall og það villuhlutfall sem fæst, varðveislustefnu og gagnaverndarábyrgðar sem notaðar eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 og nafna þeirra stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu sem gögnum hefur verið deilt með í samræmi við þessa reglugerð.

- 22) Til að styðja eftirlitsyfirvöld í verkefnum sínum ætti framkvæmdastjórnin að fara þess á leit við Evrópska persónuverndarráðið að það gefi út viðmiðunarreglur um samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 að því er varðar þá vinnslu sem fellur undir gildissvið undanþágunnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þegar eftirlitsyfirvöld leggja mat á hvort rótgróin eða ný tækni sem nota á sé í samræmi við nýjustu tækni í greininni, sé sem minnst inngrip í friðhelgi einkalífsins og starfi á fullnægjandi lagagrundvelli samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, skulu þessar viðmiðunarreglur einkum aðstoða eftirlitsyfirvöld við að veita ráðgjöf innan ramma fyrirframsamráðsferlisins sem sett er fram í þeirri reglugerð.
- 23) Reglugerð þessi takmarkar réttinn til verndar fjarskiptaleyndar og vikur frá ákvörðuninni sem tekin var samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972 um að fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum lúti sömu reglum og gilda um alla aðra fjarskiptaþjónustu að því er varðar friðhelgi einkalífsins, í þeim eina tilgangi að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu innan þessarar þjónustu og tilkynna um hana til lögregluvalda eða stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna og fjarlægja efni með kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu úr þeirri þjónustu. Af þeim sökum ætti að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar við þrjú ár frá deginum þegar hún kemur til framkvæmda til að veita nægilegan tíma til að samþykkja nýjan langtímalagaramma. Þar sem langtímalagaramminn hefur verið samþykktur og hefur öðlast gildi fyrir þann dag ætti sá langtímalagarammi að fella þessa reglugerð úr gildi.
- 24) Að því er varðar allar aðrar aðgerðir sem falla undir gildissvið tilskipunar 2002/58/EB ættu veitendur að lúta sértækum skyldum sem settar eru fram í þeirri tilskipun og þar af leiðandi eftirlits- og rannsóknarvaldi lögbærra yfirvalda sem tilnefnd eru samkvæmt þeirri tilskipun.
- 25) Dulkóðun enda á milli er mikilvægt tæki til að tryggja öryggi og fjarskiptaleynd notenda, þ.m.t. barna. Veikist dulkóðunin á einhvern hátt gæti það leitt til misnotkunar þriðju aðila með illan ásetning. Ekkert í þessari reglugerð ætti því að túlka þannig að það banni dulkóðun enda á milli eða veiki hana.
- 26) Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, þ.m.t. fjarskiptaleyndar, er grundvallarréttindi sem tryggð eru skv. 7. gr. sáttmálans. Hann er því einnig forsenda öruggra samskipta milli þolenda kynferðislegrar misnotkunar barna og fullorðins aðila sem nýtur trausts eða samtaka sem starfa í baráttunni gegn kynferðislegri misnotkun barna og samskipta milli þolenda og lögmanna þeirra.
- 27) Reglugerð þessi ætti ekki að hafa áhrif á reglurnar um þagnarskyldu samkvæmt landslögum, svo sem reglur um vernd faglegra fjarskipta, milli lækna og sjúklinga þeirra, milli blaðamanna og heimildarmanna þeirra eða milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra, einkum þar sem fjarskiptaleynd milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra er lykillinn að því að tryggja skilvirka beitingu réttinda til málsvarnar sem er mikilvægur hluti af réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Reglugerð þessi ætti einnig að vera með fyrirvara um landsbundnar reglur um skrár yfir opinber yfirvöld eða samtök sem bjóða einstaklingum í neyð ráðgjöf.
- 28) Veitendur ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni nöfn þeirra stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna sem þeir tilkynna um hugsanlega kynferðislega misnotkun barna á netinu til samkvæmt þessari reglugerð. Þó að það sé alfarið á ábyrgð veitenda sem eru ábyrgðaraðilar að meta með hvaða þriðja aðila þeir geta deilt persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 ætti framkvæmdastjórnin að tryggja gagnsæi varðandi flutning hugsanlegra mála varðandi kynferðislega misnotkun barna á netinu með því að gera skrá opinbera á vefsíðu sinni yfir þær stofnanir sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna og tilkynntar hafa verið til hennar. Sú opinbera skrá ætti að vera aðgengileg með auðveldum hætti. Það ætti einnig að vera mögulegt fyrir veitendur að nota skrána til að auðkenna viðeigandi stofnanir í hinni alþjóðlegu baráttu gegn kynferðislegri

misnotkun barna á netinu. Skráin ætti ekki að hafa áhrif á skyldur veitenda sem eru ábyrgðaraðilar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, þ.m.t. að því er varðar skyldu þeirra til að framkvæma hvers kyns miðlun persónuupplýsinga utan Sambandsins samkvæmt V. kafla þeirrar reglugerðar og skyldu þeirra til að uppfylla allar skyldur skv. IV. kafla þeirrar reglugerðar.

- 29) Tölfræðilegar upplýsingar sem aðildarríki skulu láta í té samkvæmt þessari reglugerð eru mikilvægir vísar fyrir mat á stefnu, þ.m.t. löggjafarráðstöfunum. Að auki er mikilvægt að viðurkenna það frekara tjón brotaþola sem felst í deilingu mynda og hreyfimynda af fórnarlömbum kynferðislegrar misnotkunar barna sem gætu hafa verið í umferð í mörg ár og endurspeglast ekki að fullu í slíkri tölfræði.
- 30) Í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/679, einkum kröfuna um að aðildarríki tryggi að eftirlitsyfirvöld hafi yfir að ráða þeim mannauði, tækniúrræðum og fjármagni, húsakosti og innviðum sem nauðsynleg eru til að þau geti unnið störf sín og beitt valdheimildum sínum með skilvirkum hætti, ættu aðildarríki að tryggja að eftirlitsyfirvöld hafi yfir að ráða nægilegum úrræðum til að þau geti unnið störf sín og beitt valdheimildum sínum með skilvirkum hætti samkvæmt þessari reglugerð.
- 31) Ef veitandi hefur framkvæmt mat á áhrifum á persónuvernd og haft samráð við eftirlitsyfirvöld að því er varðar tækni í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 áður en reglugerð þessi tekur gildi ætti þeim veitanda ekki að vera skylt samkvæmt þessari reglugerð að framkvæma viðbótarmat á áhrifum á persónuvernd eða samráð að því tilskildu að eftirlitsyfirvöldin hafi gefið til kynna að vinnsla gagna með þeirri tækni myndi ekki hafa í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga eða að ábyrgðaraðili hafi gert ráðstafanir til að milda slíka áhættu.
- 32) Notendur ættu að hafa rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns ef brotið hefur verið á réttindum þeirra vegna vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga í þeim tilgangi að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum og tilkynna um hana og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna úr þessari þjónustu, t.d. þar sem efni eða auðkenni notanda hefur verið tilkynnt til stofnunar sem starfar í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu eða til löggæsluyfirvalda eða ef efni notanda hefur verið fjarlægt eða reikningi notanda hefur verið lokað eða þjónusta sem stóð notanda til boða hefur verið stöðvuð tímabundið.
- 33) Í samræmi við tilskipun 2002/58/EB og meginregluna um lágmörkun gagna ætti að takmarka vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga við gagnainnihald og tengd umferðargögn að því marki sem algjörlega nauðsynlegt er til að ná tilgangi þessarar tilskipunar.
- 34) Rýmka ætti gildissvið undanþágunnar sem kveðið er á um þessari reglugerð svo hún taki til flokka gagna sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/58/EB sem gilda um vinnslu bæði persónuupplýsinga og ópersónulegra upplýsinga sem unnar eru í tengslum við veitingu fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum.
- 35) Markmið þessarar reglugerðar er að skapa tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB án þess að til verði uppskipting á innri markaðinum. Að auki er ólíklegt að öll aðildarríki gætu samþykkt landsbundnar löggjafarráðstafanir tímanlega. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði. Hún innleiðir tímabundna og mjög takmarkaða undanþágu frá gildissviði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/58/EB með röð verndarráðstafana til að tryggja að hún fari ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að ná settu markmiði.

- 36) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁸⁾ og skilaði hún álitinu sínu 10. nóvember 2020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Reglugerð þessi mælir fyrir um tímabundnar og mjög takmarkaðar reglur sem víkja frá tilteknum skyldum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/58/EB með það meginmarkmið að gera veitendum tiltekinnar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem er ótengd númerum („veitendur“), kleift að nota, án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) 2016/679, sérstaka tækni til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga að því marki sem er algjörlega nauðsynlegt til að koma upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu innan fjarskiptaþjónustu þeirra og tilkynna um hana og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu úr fjarskiptaþjónustu þeirra.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um skimun á hljóðsamskiptum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum“: fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum eins og hún er skilgreind í 7. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1725,
- 2) „efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu“:
 - a) barnaklám eins og skilgreint er í c-lið 2. gr. tilskipunar 2011/93/ESB,
 - b) klámsýningar eins og skilgreint er í e-lið 2. gr. tilskipunar 2011/93/ESB,
- 3) „falast eftir börnum“: allur verknaður unninn af ásetningu sem felur í sér refsiverð brot skv. 6. gr. tilskipunar 2011/93/ESB,
- 4) „kynferðisleg misnotkun barna á netinu“: efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu og að falast eftir börnum.

3. gr.

Gildissvið undanþágunnar

1. Ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/58/ESB skulu ekki gilda um fjarskiptaleynd sem felur í sér vinnslu veitenda á persónuupplýsingum og öðrum gögnum í tengslum við veitingu fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum að því tilskildu að:

- a) vinnslan sé:
 - i. alveg nauðsynleg vegna notkunar tiltekinnar tækni í þeim eina tilgangi að greina og fjarlægja efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu og tilkynna um það til löggæslufyrvalda og stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna og koma upp um að falast sé eftir börnum og tilkynna um það til löggæslufyrvalda eða stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna,
 - ii. hófleg og takmörkuð við tækni sem veitendur nota í þeim tilgangi sem lýst er í i. lið,

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og fjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

- iii. takmörkuð við gagnainnihald og tengd umferðargögn sem eru algjörlega nauðsynleg í þeim tilgangi sem lýst er í i. lið,
- iv. takmörkuð við það sem er algjörlega nauðsynlegt í þeim tilgangi sem lýst er í i. lið,
- b) tæknin sem notuð er í þeim tilgangi sem lýst er í i. lið a-liðar þessarar málsgreinar sé í samræmi við nýjustu tækni í greininni og skerði minnst friðhelgi einkalífsins, þar á meðal að því er varðar meginregluna um innbyggða persónuvernd og sjálfgefna persónuvernd sem mælt er fyrir um í 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og, að því marki sem hún er notuð til að skima texta í samskiptum, hún geti ekki ályktað um efni innihalds samskiptanna en sé eingöngu fær um að greina mynstur sem benda til hugsanlegrar kynferðislegrar misnotkunar barna á netinu,
- c) að því er varðar sérstaka tækni sem notuð er í þeim tilgangi sem settur er fram í i. lið a-liðar þessarar málsgreinar, hafi fyrirframat á áhrifum á persónuvernd eins og um getur í 35. gr. reglugerðar 2016/679 og fyrirframsamráðsferli sem um getur í 36. grein þeirrar reglugerðar verið framkvæmd,
- d) að því er varðar nýja tækni, þ.e. tækni sem notuð er í þeim tilgangi að koma upp um efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu sem hefur ekki verið notuð af öðrum veitanda í tengslum við þjónustu sem veitt er notendum fjarskipta-þjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum („notendum“) í Sambandinu fyrir 2. ágúst 2021, og með tilliti til tækni sem notuð er í þeim tilgangi að koma upp um að falast sé eftir börnum, tilkynnir veitandinn lögbæru yfirvaldi um ráðstafanir sem gerðar eru til að sýna fram á að farið sé að skriflegri ráðgjöf sem gefin er út í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 af lögbæru eftirlitsyfirvaldi sem tilnefnt er samkvæmt 1. þætti VI. kafla þeirrar reglugerðar („eftirlitsyfirvald“) meðan á fyrirframsamráðsferlinu stendur,
- e) tæknin sem notuð er sé nægilega áreiðanleg að því leyti að hún takmarki eins og kostur er tíðni villna sem koma upp varðandi greiningu efnis sem felur í sér kynferðislega misnotkun barna á netinu og, þar sem slíkar stöku villur eiga sér stað, að afleiðingar þeirra séu lagfærðar án tafar,
- f) tæknin sem notuð er til að greina mynstur þar sem mögulega er falast eftir börnum sé takmörkuð við notkun viðeigandi lykilvísa og hlutlægt skilgreinda áhættuþætti svo sem aldursmun og líklega þátttöku barns í skimðu samskiptunum, með fyrirvara um réttinn til mannlegrar rýni,
- g) veitendurnir:
 - i. hafi komið á innri málsmæðferðum til að koma í veg fyrir misnotkun á, óheimilan aðgang að og óheimilan flutning á persónulegum gögnum og öðrum gögnum,
 - ii. tryggi eftirlit manna með og, þar sem nauðsyn krefur, mannleg afskipti af vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga með tækni sem fellur undir þessa reglugerð,
 - iii. tryggi að efni sem ekki hefur áður verið skilgreint sem efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu eða að falast sé eftir börnum sé ekki tilkynnt til lögregluyfirvalda eða stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu án mannlegrar fyrirframstaðfestingar,
 - iv. hafi komið á viðeigandi verklagsreglum og úrræðaleiðum til að tryggja að notendur geti lagt fram kvartanir til þeirra innan hæfilegs tímaramma í þeim tilgangi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri,
 - v. upplýsi notendur með skýrum, skilmerkilegum og skiljanlegum hætti um þá staðreynd að þeir hafi, í samræmi við þessa reglugerð, beitt undanþágu frá 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/58/EB varðandi fjarskiptaleynd notenda í þeim eina tilgangi sem settur er fram í i. lið a-liðar þessarar málsgreinar, röksemdafærsluna á bak við þær ráðstafanir sem veitendur hafa gripið til samkvæmt undanþágunni og áhrif á fjarskiptaleynd notenda, þ.m.t. möguleikann á að persónuupplýsingum sé deilt með löggæsluyfirvöldum og samtökum sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu,
 - vi. upplýsi notendur um eftirfarandi þar sem efni þeirra hefur verið fjarlægð eða reikningi þeirra hefur verið lokað eða þjónusta til þeirra hefur verið stöðvuð tímabundið:
 - 1) leiðir til að leita úrlausna hjá þeim,
 - 2) möguleikann á að leggja fram kvörtun til eftirlitsyfirvalds og
 - 3) réttinn til réttarúrræða,

- vii. fyrir 3. febrúar 2022 og fyrir 31. janúar á hverju ári þar á eftir, gefi út skýrslu og leggi fyrir lögbært eftirlitsyfirlald og framkvæmdastjórnina um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. um:
- 1) gerð og umfang gagnavinnslu,
 - 2) sértækan grundvöll sem vinnslan byggist á samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679,
 - 3) grundvöll fyrir miðlun persónuupplýsinga utan Sambandsins samkvæmt V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679, eftir atvikum,
 - 4) fjölda tilvika þar sem komið er upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu, þar sem greint er á milli efnis með kynferðislegri misnotkun barna á netinu og að falast sé eftir börnum,
 - 5) fjölda tilvika þar sem notandi hefur lagt fram kvörtun til innra kerfis fyrir úrlausn mála eða til dómsmálayfirvalda og niðurstöðu slíkra kvartana,
 - 6) fjölda og hlutföll villna (falsjákvæðra niðurstaðna) í þeirri mismunandi tækni sem notuð er,
 - 7) ráðstafanir sem beitt er til að takmarka villuhlutfall og það villuhlutfall sem hefur náðst,
 - 8) varðveislustefnu og persónuverndarráðstafanir sem beitt er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679,
 - 9) nöfn stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna sem gögnum hefur verið deilt með samkvæmt þessari reglugerð,
- h) þar sem komið hefur verið upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu, sé gagnainnihald og tengd umferðargögn sem unnin eru í þeim tilgangi sem settur er fram í i. lið a-liðar og persónuupplýsingar sem aflað er með slíkri vinnslu geymdar á öruggan hátt, aðeins í þeim tilgangi:
- i. að tilkynna, án tafar, um meinta kynferðislega misnotkun barna á netinu til lögbærrar löggæslu og dómsmálayfirvalda eða stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna,
 - ii. að hindra aðgang að reikningi hlutaðeigandi notanda eða að stöðva eða að hætta að veita honum þjónustu,
 - iii. að búa til einstaka, óafturkræfa stafræna undirskrift („tæti“) fyrir gögn sem auðgreind eru með áreiðanlegum hætti sem efni með kynferðislegri misnotkun barna á netinu,
 - iv. að gera hlutaðeigandi notanda kleift að leita úrlausna frá veitanda eða óska eftir stjórnsýslulegri endurskoðun eða réttarúrræðum vegna mála sem tengjast meintri kynferðislegri misnotkun barna á netinu eða
 - v. að bregðast við beiðnum sem gefnar hafa verið út af löggæslu- og dómsyfirvöldum í samræmi við gildandi lög til að veita þeim nauðsynleg gögn til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka eða saksækja fyrir refsiverð brot eins og sett er fram í tilskipun 2011/93/ESB,
- i) gögnin séu ekki geymd lengur en brýna nauðsyn krefur í þeim tilgangi sem lýst er í h-lið og í öllum tilvikum ekki lengur en í 12 mánuði frá þeim degi sem kennsl voru borin á hina meintu kynferðislegu misnotkun barna á netinu,
- j) tilkynnt sé, án tafar, um öll mál þar sem rökstuddur og staðfestur grunur er um kynferðislega misnotkun barna á netinu til lögbærra landsbundinna löggæsluyfirvalda eða til stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna.
2. Fram til 3. apríl 2022 skal skilyrðið sem sett er fram í c-lið 1. mgr. ekki gilda um veitendur sem:
- a) notuðu sérstaka tækni fyrir 2. ágúst 2021 í þeim tilgangi sem lýst er í i. lið a-liðar 1. mgr. án þess að hafa lokið fyrirframsamráðsferli að því er varðar þá tækni,
 - b) hefja fyrirframsamráðsferli fyrir 3. september 2021 og
 - c) starfa á viðeigandi hátt með lögbæru eftirlitsyfirlaldi í tengslum við fyrirframsamráðsferlið sem um getur í b-lið.

3. Fram til 3. apríl 2022 skal skilyrðið sem sett er fram í d-lið 1. mgr. ekki gilda um veitendur sem:
- a) notuðu sértæka tækni, eins og um getur í d-lið 1. mgr., fyrir 2. ágúst 2021 án þess að hafa lokið fyrirframsamráðsferli að því er varðar þá tækni,
 - b) hefja ferli eins og um getur í d-lið 1. mgr. fyrir 3. september 2021 og
 - c) starfa á viðeigandi hátt með lögbæru eftirlitsyfirvaldi í tengslum við málsmeðferðina sem um getur í d-lið 1. mgr.

4. gr.

Viðmiðunarreglur Evrópska persónuverndarráðsins

Fyrir 3. september 2021 og skv. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við evrópska persónuverndarráðið að gefa út viðmiðunarreglur í þeim tilgangi að aðstoða eftirlitsyfirvöld við að meta hvort vinnsla sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar fyrir fyrirliggjandi og nýja tækni sem notuð er í þeim tilgangi sem settur er fram í i. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar samræmist reglugerð (ESB) 2016/679.

5. gr.

Skilvirk réttarúrræði

Í samræmi við 79. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2002/58/EB skulu notendur eiga rétt til raunhæfs réttarúrræðis þar sem þeir telja að brotið hafi verið á réttindum sínum vegna vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga í þeim tilgangi sem lýst er í i. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

6. gr.

Eftirlitsyfirvöld

Eftirlitsyfirvöld sem tilnefnd eru skv. 1. þætti VI. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 skulu fylgjast með vinnslunni sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar í samræmi við valdsvið þeirra og heimildir samkvæmt þeim kafla.

7. gr.

Opinber skrá yfir stofnanir sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna

1. Eigi síðar en 3. september 2021 skulu veitendur senda framkvæmdastjórninni skrá yfir nöfn þeirra stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna sem þeir tilkynna um kynferðislega misnotkun barna á netinu til samkvæmt þessari reglugerð. Veitendur skulu tilkynna allar breytingar á þeirri skrá til framkvæmdastjórnarinnar með reglubundnum hætti.
2. Eigi síðar en 3. október 2021 skal framkvæmdastjórnin gera opinbera skrá yfir heiti stofnana sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna sem hún hefur fengið tilkynningu um skv. 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal halda þeirri opinberu skrá uppfærðri.

8. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar

1. Eigi síðar en 3. ágúst 2022 og árlega eftir það skulu aðildarríkin gera skýrslur með eftirfarandi tölfræðilegum upplýsingum opinberar og senda þær til framkvæmdastjórnarinnar:
 - a) heildarfjöldi tilkynninga um kynferðislega misnotkun barna á netinu sem veitendur og stofnanir sem starfa í þágu almannahagsmuna gegn kynferðislegri misnotkun barna hafa komið upp um og sent lögbærum landsbundnum löggæslufyrirvöldum, þar sem gerður er greinarmunur, séu slíka upplýsingar tiltækar, á milli algilds fjölda mála og þeirra mála sem tilkynnt er um nokkrum sinnum og tegund veitanda sem starfrækir þjónustu þar sem komið var upp um kynferðislega misnotkun barna á netinu,

- b) fjölda barna sem borið var kennsl á með aðgerðum skv. 3. gr., skipt upp eftir kyni,
- c) fjölda gerenda sem dæmdir eru.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka saman tölfraðilegu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og skal taka tillit til þeirra þegar framkvæmdaskýrslan er tekin saman skv. 9. gr.

9. gr.

Framkvæmdaskýrsla

1. Á grundvelli skýrslanna sem lagðar eru fram skv. vii. lið g-liðar 1. mgr. 3. gr. og tölfraðilegu upplýsinganna sem veittar eru skv. 8. gr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 3. ágúst 2023, taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggja hana fram og kynna fyrir Evrópuþinginu og ráðinu.
2. Framkvæmdastjórnin skal einkum taka til greina í framkvæmdaskýrslunni:
 - a) skilyrðin fyrir vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem lýst er í ii. lið a-liðar og b-, c- og d-lið 1. mgr. 3. gr.,
 - b) meðalhóf undanþágunnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. mat á tölfraðilegum upplýsingum sem aðildarríkin leggja fram skv. 8. gr.,
 - c) þróun í tækni framförum að því er varðar aðgerðirnar sem falla undir þessa reglugerð og að hve miklu leyti slík þróun eykur nákvæmni og dregur úr fjölda og hlutfalli villna (falsjákvæðum niðurstöðum).

10. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 3. ágúst 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LOGAR

forseti.